

# Sumarhúsatrygging

Skilmáli nr. E-8

## Almennt:

Þessi váttrygging er samansett af þremur váttryggingum:

- Innbústryggingu:** váttryggir innbú sumarhúss fyrir meiriháttar tjónsáhættum, svo sem brunatjóni, vatnstjóni og innbroti.
- Húseigendatryggingu:** váttryggir ýmsar áhættur, önnur en brunatjón, sem geta valdið tjóni á sumarhúsi váttryggingartaka.
- Ábyrgðartryggingu húseiganda:** váttryggir eiganda sumarhúss fyrir skaðabótakröfum sem geta risið vegna sumarhússins.

Váttryggingin samanstendur af tveimur skjölum. Annars vegar váttryggingarskírteini sem er persónubundið við hvern váttryggingartaka fyrir sig og hins vegar þessi skilmáli.

Váttryggingin, bótasvið hennar og almenn skilyrði eru afmörkuð í þessum skilmála. Það er því mikilvægt að kynna sér efni skilmálans og váttryggingarskírteinisins. Ef misræmi eða villa kemur fram í þessum skjölum er mjög mikilvægt að láta félagið vita sem fyrst.

## Skilgreiningar:

Til að auðvelda lestur skilmálans og koma í veg fyrir misskilning eða óvissu þá gilda eftirfarandi skilgreiningar á tilteknum orðum í öllum skilmálanum og merkja alltaf það sama.

**Félagið:** Merkir Vörður tryggingar hf.

**Váttryggingartaki:** Sá einstaklingur sem tekur váttrygginguna í sínu nafni og er jafnframt greiðandi hennar.

**Váttryggðir:** Váttryggingartaki og heimilismenn hans, en í tilfalli sumarhússins sjálfs, þinglýstur eigandi hans.

**Innbú:** Lausafé og persónulegir munir sem að almennt fylgja sumarhúsum og telst ekki vera hluti af húseign eða almennu fylgifé hennar. Við það skal miðað að innbú teljist allt það sem váttryggðir myndu almennt flytja með sér ef þeir flyttu á milli sumarhúsa. Dýr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, bílar og önnur vélknúin ökutæki telst ekki vera innbú í skilningi þessa skilmála.

**Húseign, húsnæði eða sumarhús:** Sumarhúsið sjálft og almennt fylgifé þess. Við það er miðað að húseign séu þau verðmæti sem tiltekin eru í brunabótamati sumarhússins. Girðingar, pallar, stéttir, fánastangir og önnur sambærileg verðmæti fyrir utan útveggi húseignarinnar teljast ekki til húseignar í skilningi þessa skilmála nema þau verðmæti séu tiltekin í brunabótamati eignarinnar.

**Váttryggingarfjárhæð:** Sú fjárhæð sem tiltekin er á váttryggingarskírteini sem hámarksbætur fyrir hvern váttryggingarlið fyrir sig.

## Mikilvægt:

Það bótasvið sem talið er upp í skilmálanum er tæmandi talið. Ef váttryggingartaki eða váttryggður verður fyrir tjóni eða óhappi sem ekki telst bótaskyldt í skilmálanum þá nær váttryggingin ekki yfir það.

Þegar iðgjald er greitt af þessari váttryggingu þá er jafnframt greitt viðlagatryggingargjald. Lausafjármunir sem váttryggingin nær yfir verða þá sjálfkrafa váttryggðir fyrir náttúruhamförum, svo sem jarðskjálftum, snjóflóðum, eldgosum og öðrum sambærilegum atvikum, eins og nánar er kveðið á í lögum nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands.

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framar ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

## 1. kafli. Innbústrygging

### 1. gr. Hvaða eignir eru váttryggðar?

Innbústryggingin tekur til innbús í eigu váttryggðra í sumarhúsi sem staðsett er á þeim stað sem tiltekinn er í váttryggingarskírteininu. Innbústryggingin gildir aðeins á Íslandi.

### 2. gr. Váttryggingin bætir tjón á innbúinu sem verða af völdum:

- eldsvoða, eldingar eða sprengingar. Sviðnun og bráðnun án þess að eldur verði laus telst ekki eldsvoði í skilningi þessarar greinar;
- sótfalls sem verður óvænt og skyndilega frá eldstæði eða kynditæki. Ekki er bætt tjón af sóti eða reyk sem myndast smám saman við notkun eldstæðis eða kynditækis;
- slökkvi-, björgunar- og hreinsunaraðgerða af völdum bótaskylds tjóns;
- vatns, gufu eða olíu sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útveggja húseignarinnar og sökkuls hennar vegna bilunar eða mistaka. Hægur leki eða smit sem kemur smám saman fram telst ekki bótaskyldt tjón í skilningi þessarar greinar. Þá er undanþegin niðurbæling eða hvers kyns spilling vökva úr handílátum, hvort sem slíkt gerist fyrir mistök eða bilun. **Varúðarregla: Í úpphитуðum húsum skal lokað fyrir vatnsaðstreymi og vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum tæmd, þegar hætta er á frosti. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.**
- innbrots. Váttryggingin bætir þó ekki tjón vegna innbrots eða þjófnaðar úr fellihýsum, tjaldvögnum eða tjöldum. Það er skilyrði fyrir greiðsluskýldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni;

**Varúðarregla: Læsa ber tryggilega sumarhúsinu og öðrum þeim stöðum sem váttrygging þessi tekur yfir þegar þessir staðir eru mannláusir eða heimilisfólk í svefni. Ennfremur ber að loka gluggum, séu þeir ekki útbúnir sem mannheldir þegar þeir eru opnir, og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum;**

- 2.6 ráns. Það telst rán þegar hinir váttryggðu munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu skilað sem sönnun fyrir tjóni;
  - 2.7 skemmdarverks. Það telst skemmdarverk í skilningi þessarar váttryggingar, ef einhver einstaklingur, sem ekki hefur heimild hinna váttryggðu til veru eða dvalar í sumarhúsinu, eyðileggur eða skemmir innbúið, eða hluta þess, sem váttryggt er í þessari váttryggingu. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu skilað sem sönnun fyrir tjóni;
  - 2.8 óveðurs. Það er óveður í skilningi þessa skilmála þegar vindhraði nær 28,5 m/s. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, er tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað. Til óveðurstjóna á innbúi teljast eingöngu þau tjón sem verða, þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins;
  - 2.9 yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennislisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku er tjónsatburðurinn átti sér stað. Tjón vegna utanaðkomandi vatns s.s. frá þökum, þakrennum, svölum eða vegna sjávarfalla, flóða eða grunnvatns bætast ekki. **Varúðarregla: Váttrygðum er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa frá þeim aur eða klaka;**
  - 2.10 loftfara og hluta sem frá þeim falla, enda fáist tjónið ekki bætt af tjónvaldi eða váttryggingum hans;
  - 2.11 skyndilegs snjópunga sem sligað hefur þak eða vegg húseignarinnar, þannig að tjón verður á innbúinu. Tjón af völdum náttúruhamfara bætast ekki (viðlagatryggingagjald er innheimt með þessari váttryggingu);
  - 2.12 þrátt fyrir ákvæði og takmarkanir þessarar greinar þá bætir váttryggingin hvers kyns tjón sem verður á innbúi, og ekki er bætt úr öðrum váttryggingum, eða undanþegið í 2. kafla þessa skilmála, enda sé um einn óvæntan, skyndilegan atburð að ræða og sannanlegt tjón vegna þess atburðar nemi að minnsta kosti 25% af váttryggingarfjárhæðinni ef hún er a.m.k. kr. 2.000.000.- en ella að lágmarki kr. 500.000.-.
- 3. gr. Nánari afmörkun váttryggingarfjárhæðar – eigin áhætta**
- 3.1 Bætur vegna skartgripa takmarkast við 5% af váttryggingarfjárhæð innbúsins hafi þeir ekki verið sérstaklega tilteknir og samþykktir af félaginu við töku váttryggingarinnar.
  - 3.2 Bætur vegna peninga, mynt- og frímerkjasafna, handrita, frumteikninga og hvers kyns verðbréfa takmarkast við 1% af átryggingarfjárhæð innbúsins hafi þessi verðmæti ekki verið sérstaklega tiltekin og samþykkt af félaginu við töku váttryggingarinnar.
  - 3.3 Bætur vegna verkfæra, áhaldra og tækja sem váttryggður á, eða hefur í vörslu sinni, og notuð eru í atvinnuskyni, takmarkast við 5% af váttryggingarfjárhæð.
  - 3.4 Í hverju tjóni ber váttryggður eigin áhættu sem kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
  - 3.5 Hafi félagið greitt tjón úr innbústryggingu á váttryggingartímabilinu þá lækkar váttryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá tjónsdegi til loka váttryggingartímabils, nema greitt sé hlutfallslegt aukagjald það sem eftir lifir tímabils.
- 4. gr. Ákvörðun bóta**
- 4.1 Tjónsbætur samkvæmt þessari váttryggingu miðast við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum og þeim sem skemmst hafa eða eyðilagst. Miðað er við að fjárhags- eða eignastaða váttryggðs sé hin sama fyrir tjón og eftir.
  - 4.2 Minjagildi muna eða hvers kyns persónulegt gildi þeirra bætist ekki.

## 2. kafli. Húseigendatrygging

### 1. gr. Hvað er váttryggt?

Váttryggingin tekur til sumarhúss þess sem tilgreint er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 2. gr. Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggða af völdum:

- 2.1 vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útveggja og sökkuls húseignarinnar vegna bilunar eða mistaka. Váttryggingin greiðir kostnað við uppbot og rask, sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki. Þá er undanþegin bótaskyldu niðurrhelling eða hvers kyns spilling vökva úr handilátum, hvort sem slíkt gerist fyrir mistök eða bilun. **Varúðarregla: Í úpphituðum húsum skal lokað fyrir vatnsaðstreymi og vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum tæmd, þegar hættu er á frosti. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða hluta.**
- 2.2 yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennislisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku er tjónsatburðurinn átti sér stað. Tjón vegna utanaðkomandi vatns frá þakrennum, svölum eða vegna sjávarfalla, flóða eða grunnvatns bætast ekki. **Varúðarregla: Váttrygðum er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa frá þeim aur eða klaka;**
- 2.3 frostsprungna á innanhúss vatnslleiðslukerfi hins váttryggða, sem verður við það að hitakerfi hússins bilar óvænt og skyndilega;
- 2.4 innbrots eða innbrotstilraunar. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu skilað sem sönnun fyrir tjóni;
- 2.5 sötfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndum kynditækjum eða eldstæðum. Ekki er bætt tjón af sóti eða reyk sem orðið hefir smám saman við notkun;

- 2.6 skyndilegs snjópunga sem sligað hefur þak eða veggi húseignarinnar. Ekki eru bætt tjón af völdum snjóflóða, né heldur tjón sem er afleiðing af byggingargalla;
- 2.7 óveðurs. Það er óveður í skilningi þessa skilmála þegar vindhraði nær 28,5 m/s (11 vindstig) Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu váttryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað. Tjón á hinu váttryggða af völdum úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins;
- 2.8 brots eða hruns á loftklæðningum eða naglföstum innréttingum hinnar váttryggðu húseignar vegna skyndilegrar og óvæntrar bilunar.
- 2.9 Váttryggingin bætir jafnframt tjón á gleri í hinni váttryggðu húseign ef það brotnar en eingöngu þegar það brotnar eftir að það er ísett, inngreipt eða því er á annan hátt endanlega fyrir komið á þeim stað sem því er ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað. Skreytingar og annað sem eykur verðgildi glers þarf að váttryggja sérstaklega. Váttryggingin bætir ekki:
  - 2.9.1 Gler sem rispast eða flísast úr.
  - 2.9.2 Tjón af völdum móðu á milli glerja.
  - 2.9.3 Tjón af völdum þenslu, vindingi eða ófullnægjandi viðhaldi ramma eða lista.
  - 2.9.4 Tjón sem stafar af byggingarframkvæmdum eða viðgerð utanhúss innan 10 metra frá glerinu, nema málun og venjulegu viðhaldi húseignar.
  - 2.9.5 Tjón af völdum brots á gleri og annað afleitt tjón.

### 3. gr. Nánari afmörkun bótasviðs

- Váttryggingin bætir ekki:
- 3.1 tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennislisleiðslum þeirra að öðru leyti en tiltekið er í gr. 2.2;
  - 3.2 tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu að slíkt er bótaskyldt ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss. Í vatnstjónum er ekki bættur sá hlutur eða hluti er tjóninu olli svo sem sjálf rörin eða vinna við lagfæringu eða endurlögn þeirra, hver sem orsök tjónsins er;
  - 3.3 tjón vegna grunnlagna sem eru missignar, morknar eða hafa á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógri undirbyggingu. Þó bætist beint vatnstjón sem verður á húseigninni ef slík lögn stíflast og flæðir frá henni upp fyrir botnplötu;
  - 3.4 tjón vegna sigs á grunnni húseignarinnar, svo sem vegna útskolunar á jarðvegi;
  - 3.5 tjón á loftnetum, fánastöngum, girðingum eða gróðri;
  - 3.6 tjón sem er bótaskyldt úr brunatryggingu fasteignarinnar;
  - 3.7 tjón á þeim hlut sem veldur tjónsatviki vegna vökvaútstreymis svo sem rör (miðstöðvar-, vatns- eða frárennislirör), ofnar eða tæki;

### 4. gr. Váttryggingarfjárhæð – eigin áhætta

Váttryggingarfjárhæð er miðuð við brunabótamat húseignar eða húseignarhluta og nemur fjárhæð þeirri er kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Í tjónstilfelli ber váttryggður í eigin áhættu þá fjárhæð er kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 5. gr. Ákvörðun bóta

- 5.1 Tjónsbætur samkvæmt þessari váttryggingu miðast við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum og þeim sem skemmst hafa eða eyðilagst. Miðað er við að fjárhags- eða eignastaða váttryggðs sé hin sama fyrir tjón og eftir.
- 5.2 Minjagildi muna eða hvers kyns persónulegt gildi þeirra bætist ekki.
- 5.3 Bótafjárhæðir skulu taka mið af kostnaði við viðgerð á hinni váttryggðu húseign. Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu eða greiðir kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinu váttryggða. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins váttryggða. Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.
- 5.4 Við greiðslu tjóns á parketi sem er eldra en 5 ára hefur félagið heimild til að draga frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram 5. ár. Þessi aldursfrádráttur getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

## 3. kafli. Ábyrgðartrygging húseiganda

### 1. gr. Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla og hún er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Vakin er athygli á að húseigendur bera víðtækari bótaábyrgð en að ofan greinir vegna bilana á búnaði séreignar og lagna. Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi váttryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einnig að greiða kostnað sem váttryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögræðilegt úrlausnarefni, ber váttryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn um bætur vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er váttryggðum bent á að lesa skilmálann með þetta í huga. Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu sinni skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Váttryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

### 2. gr. Bótasvið

- 2.1 Váttryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenjum, sem eiganda húseignar þeirrar eða húseignarhluta er váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun greinir.

- 2.2 Félagið getur því aðeins orðið bótaskyld að tjónið baki váttryggðum fébótaábyrgð sem eiganda hússins, eða sameiganda þess með öðrum, og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.
- 2.3 Kostnaður við málsvörn sem félagið hefur samþykkt að fari skuli fram.

**3. gr. Váttryggingin bætir ekki:**

- 3.1 tjón sem fjölskylda váttryggðs verður fyrir. Fjölskylda váttryggðs er maki, börn og skyldmenni sem að hafa sameiginlegt lögheimili, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað;
- 3.2 tjón sem verður vegna atvinnu hins váttryggða, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða arðbæra vinnu í þjónustu annarra;
- 3.3 tjón á munum sem hinn váttryggði hefur til afnota til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu;
- 3.4 tjón á munum sem váttryggður hefur tekið ófrjálsri hendi;
- 3.5 skaðabótakröfu vegna tjóns á eignum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyki, sóti eða sprengingu;
- 3.6 sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál;
- 3.7 endurkröfu frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum sambærilegum opinberum stofnunum;
- 3.8 tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, vatns eða sjávar nema slíkt tjón stafi af einum, skyndilegum, ákveðnum atburði. Hið sama gildir um tjón á hlutum af völdum slíkrar mengunar. Félagið bætir ekki tjón sem stafar af langvarandi raka eða leka.

**4. gr. Váttryggingarfjárhæð – váttryggingartímabil – eigin áhætta**

- 4.1 Hámarks váttryggingarfjárhæð í hverju tjóni er hámark þess höfuðstólskröfu sem félagið ábyrgist.
- 4.2 Ábyrgðartryggingin tekur til atvika sem eiga sér stað á váttryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrr en síðar.
- 4.3 Í hverju tjóni ber váttryggður eigin áhættu sem kemur fram á skirteini eða endurnýjunarkvittun.

**5. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu**

- 5.1 Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum váttryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.
- 5.2 Félagið er ekki bundið af því ef váttryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkendi réttmæti kröfunnar.

**6. gr. Viðhald húseignar**

Við breytingar á áhættu vegna verklegra framkvæmda, viðhalds eða endurbóta á húseign þar sem kostnaður fer fram úr 5% af brunabótamati eignarinnar, skal váttryggingartaki gera félaginu aðvart og greiða viðbótariðgjald samkvæmt iðgjaldaskrá félagsins.

Jafnframt skal greiða viðbótariðgjald þegar vinnupallar eru notaðir við aðra viðhaldsvinnu. Misbrestur á þessu getur valdið takmörkun ábyrgðar félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

## 4. kafli. Almenn skilyrði

Þessi kafli gildir um alla hluta þessarar váttryggingar eftir því sem við á.

**1. gr. Varúðarreglur**

**Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskirteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.**

**2. gr. Vísitala**

Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.

**3. gr. Samsöðum**

- 3.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að maki eða sambúðarmaki váttryggingartaka/váttryggðs hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. reglu b-liðar, 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 3.2 Sé váttrygging þessi notuð í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna váttryggðs eða annarra sem með leyfi hans nýta sér hið váttryggða sumarhús.

**Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019**